



Flugslysaæfing Ísafjarðarflugvöllur 24. september 2022 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

1 Efnisyfirlit

2	Frá æfingastjórn	2
3	Markmið	3
4	Undirbúningur og framkvæmd	4
4.1	Fræðsluvika.....	4
4.1.1	Dagskrá Ísafjörður 2022	4
4.2	Æfingastjórn.....	6
4.3	Ráðgjafar.....	6
4.4	Pátttaka	7
4.5	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	8
4.6	Veður	8
4.7	Vettvangur	8
5	Rýni.....	10
5.1	Vettvangsæfing – Rýnifundur	10
5.2	Vettvangsrýni ráðgjafa.....	12
5.2.1	Ráðgjafi björgunarsveita	12
5.2.2	Ráðgjafi á vettvangi (K1)	13
5.2.3	Ráðgjafi flutningsstjóra	13
5.2.4	Ráðgjafi VST / Gæslustjóra.....	14
5.2.5	Ráðgjafi á vettvangi.....	14
5.2.6	Ráðgjafi á vettvangi (E)	15
5.2.7	Ráðgjafi heilbrigðisþjónustu	16
5.2.8	Ráðgjafi á vettvangi (K2)	17
5.2.9	Ráðgjafi björgunarstjóra	17
5.2.10	Ráðgjafar RKÍ.....	18
5.2.11	Umsjónaraðili leikara	19
5.3	Rafræn rýni – allir pátttakendur	21
5.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni.....	21
5.3.2	Það sem vel var gert í undirbúningi æfingar	22
5.3.3	Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingar	22
5.3.4	Það sem vel gekk í framkvæmd og úrlausn æfingar	23
5.3.5	Það sem betur mátti fara í framkvæmd og úrlausn æfingar.....	24
5.3.6	Annað sem var tekið fram.....	26
5.3.7	Einkunn æfingar	26
6	Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri.....	27
6.1	Styrkur	27
6.2	Helstu umbótatækifæri	27

2 Frá æfingastjórn

Flugslysaæfing á Ísafirði var haldin í lok september, þennan dag var leiðinleg veðurspá en til lukku gekk veðrið ekki eftir þó það blés aðeins á björgunarmenn á æfingunni en það kom ekki að sök, æfingin gekk afar vel og samvinna viðbragðsaðila var með ágætum. Þátttaka í fræðslu í aðdraganda æfingar var góð en ráðgjafar og æfingastjórn eru að þróa efnið og ásamt því að hafa aðgengileg myndbönd sem eru keyrð í aðdraganda æfingar.

Þó æfingin hafi gengið vel fyrir sig þá eru nokkur atriði sem þarf að skoða og mikilvægt er að hver og einn viðbragðsaðili skoði vel þá rýnipunkta sem að honum snúa. Margir þátttakendur höfðu ekki komið á svona æfingu áður en reynslan er að það sé alltaf nokkur endurnýjun á þessum æfingum. Fram komi í rýni að það hefði mátt bæta merkingar á stjórnendum, það sést víða og mætti laga og þyrfti að gera miðlægt svo allir stjórnendur í almannavarnakerfinu séu merktir eins.

Á svæðinu eru mjög öflugar einingar og var þátttaka ágæt en hefði mátt vera meiri hjá björgunarsveitum en þess ber að geta að margir eru bæði í björgunarsveit og sinna einnig öðru eins og slökkviliði eða sjúkraflutningum, allt snýst þetta svo um samvinnu.

Ísavia þarf að skoða með viðbragðsaðilum hvernig við notum flugstöðina betur undir SSS og á þessari æfingu kemur aftur upp aðgangur að neti og slíku sem þarf að vera aðgengilegur fyrir viðbragðsaðila sem starfa í flugstöðinni.

Fram komi í rýni að slökkvistörf hafi gengið vel og greinilegt að björgunaraðilar kunna vel til verka. Æfingastjórn og ráðgjafar þakka öllum fyrir þátttökuna og samstarfið.

F.h. æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir



3 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið æfingarinnar eru tvö:

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast flugslysaáætluninni.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.



4 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur hófst í upphafi árs þar sem samskipti eru við viðbragðsaðila og ábyrgðaraðila um dagsetningar. Mikilvægur þáttur æfinga er fræðsla þar sem lögð er áhersla á hópshyggju og sérþæktu þætti flugslysa og umhverfi þeirrar flugslysaáætlunar sem um ræðir. Farið er yfir eldri æfingar og helstu rýnipunktur dregin fram með það að markmiði að læra af fyrri reynslu. Farið er yfir flugslysaáætlun flugvallarins og hún löguð til eins og þurfa þykir þar sem aðstæður gætu hafa breyst.

4.1 Fræðsluvika

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti á fimmtudegi.

Fræðslan var haldin út frá eftirfarandi dagskrá í gegnum netið, þetta skipulag hefur þróast í kjölfar Covid og hefur mælst fyrir og eru nú fræðsluvöldunum skipt í fjarfræðslu og staðfræðslu. Vel var mætt í fræðslu en þó aðeins misjafnt eftir efni og dögum.

4.1.1 Dagskrá Ísafjörður 2022

Hér má sjá yfirlit yfir fræðslu í tengslum við flugslysaæfinguna ásamt dagskrá æfingadagana, fimmtudag til laugardags. Fræðslan er hugsuð sem stuðningur fyrir komandi æfingu og er hún ýmist aðgengileg ákveðnum einingum eða öllum þátttakendum. Fræðslan er einingum að kostnaðarlausu. Mikil áhersla var lögð á menntun Aðgerðastjórnar og var öll fræðsla vel sótt.

Fimmtudagur 15. september

- 19:30-20:30 Umgengni við þyrlur – Fjarfræðsla** fyrir allar viðbragðseiningar. *LHG*
20:30-21:30 Sálrænn stuðningur - Fjarfræðsla fyrir allar viðbragðseiningar. *Rauði kross Íslands*
- Kynning og helstu áherslur í sálrænum stuðning.

Mánudagur 19. september

- 16:00-20:00 Fræðsla fyrir vettvangsstjórn (VST)** *AVD/FMR*
Fyrir þá sem starfa í vettvangsstjórn
Staðsetning: Guðmundarbúð – Björgunarfélag Ísafjarðar
- Verkaskipting SÁBF með áherslu á vettvangsstjórnun.
 - Verkþáttastjórn og boðleiðir þeirra samkvæmt fjarskiptaáætlun.

Þriðjudagur 20. september

- 16:00-20:00 Fræðsla fyrir vettvangsstjórn (VST)** *AVD/FMR*
Fyrir þá sem starfa í vettvangsstjórn
Staðsetning: Guðmundarbúð – Björgunarfélag Ísafjarðar
- Verkaskipting SÁBF með áherslu á vettvangsstjórnun.
 - Verkþáttastjórn og boðleiðir þeirra samkvæmt fjarskiptaáætlun.

Miðvikudagur 21. september

- 16:00-20:00 Fræðsla fyrir aðgerðastjórn (AST)** *AVD/FMR*
Fyrir þá sem starfa í aðgerðastjórn

Staðsetning: Guðmundarbúð – Björgunarfélag Ísafjarðar

- Verkaskipting SÁBF og á milli SST, AST og VST.

Fimmtudagur 22. september

10:00 Boðunarprófun – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á flugvelli. 112
Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.

10:00-11:30 Rannsóknarnefnd samgönguslysa fyrir lögreglu. *RNSA*
Staðsetning: Lögreglustöð

Almennt um fjarskipti, fjarskiptaáætlun og fjarskiptabúnað (tækin) f. spítala *LSH*

16:00-19:30 Fræðsla fyrir aðgerðastjórn (AST) *AVD/FMR*
Fyrir þá sem starfa í aðgerðastjórn

Staðsetning: Guðmundarbúð – Björgunarfélag Ísafjarðar

- Verkaskipting SÁBF og á milli SST, AST og VST.

20:00-22:00 Setning æfingar – Stað- og fjarfundur - Allir þátttakendur
Staðsetning: Guðmundarbúð – Björgunarfélag Ísafjarðar.

Dagskrá:

- Opnun, Lögreglan
- Kynning, tilgangur flugslysaæfinga, Isavia
- Flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og endurbætur, Almannavarnir
- Fjarskiptaskipulag aðgerða
- Almennt um skipulag í hópslysum (SÁBF), Isavia
- Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
- SST, AST, VST
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna, RNSA
- Verkefni RKÍ og SL á flugslysaæfingum, Ráðgjafar RKÍ og SL
- Hvernig nýtum við bjargir
- Flæði slasaðra, frá slysstað að sjúkrahúsi, Landspítali
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna, Isavia
- Gangur æfingar
- Akstur á svæði
- Vettvangur
- Leikarar
- Alvara – Alvara – Alvara
- Við lok æfingar

Föstudagur 23. september

14:00-16:00 Skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra. *Isavia / AVD*

Staðsetning: Guðmundarbúð – Björgunarfélag Ísafjarðar (VST) og Slökkvistöð (AST)
Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn, vettvangsstjórn og verkþáttastjórar.
Allir taki með tetrastöðvar og handfrjálsan búnað.

16:30-17:30 Rannsóknarnefnd samgönguslysa fyrir slökkvilið og Isavia. *RNSA*
Staðsetning: Slökkvistöð

17:30-19:00 Flugslysavettvangur og flugvélaeldur fyrir slökkvilið og Isavia. *Isavia*
Staðsetning: Slökkvistöð

20:00-21:00 Kynningarfundur fyrir leikara / þolendur *Umsjónaraðili leikara*
Staðsetning: Grunnskólinn á Ísafirði

19:30-20:30 Bráðaflokkun staðfræðsla - fyrir alla viðbragðsaðila. *LSH*

Staðsetning: Guðmundarbúð – Björgunarfélag Ísafjarðar

- Fræðsla fyrir alla sem koma að bráðaflokkun og umönnun slasaðra.

20:30-21:30 Fjarskipti staðfræðsla - fyrir alla viðbragðsaðila. *SL*

Staðsetning: Guðmundarbúð – Björgunarfélag Ísafjarðar

- Almenn um fjarskipti, fjarskiptaáætlun og fjarskiptabúnað (tækin)

Laugardagur 24. september

08:00 Förðun leikara.

Umsjónaraðili leikara

Staðsetning: Grunnskólinn á Ísafirði

11:00 Flugslýsaæfing hefst – Allir þátttakendur

Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkbáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund. Í lok æfingar er boðið uppá hressingu fyrir alla þátttakendur í Guðmundarbúð þar sem rýnifundur fer fram.

13:30 Rýnifundur fyrir stjórnendur á æfingunni (sjá lista hér f. neðan)

Staðsetning: Guðmundarbúð – Björgunarfélag Ísafjarðar

(Athugið er fyrr eða seinna, er í ca. beinu framhaldi þegar æfingu er lokið).

○ Almenn um/stóra myndin	Æfingastjóri
○ Aðgerðarstjórn	Aðgerðarstjóri
○ Vettvangsstjórn	Vettvangsstjóri
○ Leit og björgun	Björgunarstjóri
○ Söfnunarsvæði slasaðra	Aðhlyningarstjóri
○ Lokanir/umferð/talning	Gæslustjóri
○ Móttaka og flutningur	Flutningastjóri
○ Aðstandendur/fjöldahjálpar	Rauði krossinn
○ Umsögn ráðgjafa	Ráðgjafar
○ Umræður	Orðið laust
○ Næstu skref	Isavia
○ Æfingu slitið	Lögreglan

4.2 Æfingastjórn

Æfingastjórn var skipuð fulltrúum almannavarna ríkisins og Isavia. Auk þess að fá góða aðstoð frá lögregluþvöldum á svæðinu.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Halldór Hólm	Almannavarnir
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason	Almannavarnir
Tengiliður heimamanna	Hlynur H. Snorrason	Lögreglan á Vestfjörðum

4.3 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Hólmgeir Þorsteinsson	Isavia
Ráðgjafi	Þórir Gunnarsson	Isavia

Ráðgjafi	Grétar Karlsson	Isavia
Ráðgjafi	Tómas Már Pétursson	Isavia
Ráðgjafi	Kristján Karlsson Gränz	Isavia
Ráðgjafi	Magnús Orri Einarsson	Isavia
Umsjón leikara	Soffía Helga Valsdóttir	Isavia
Ráðgjafi	Anna B. Sigurðardóttir	Isavia
Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir	LSH
Ráðgjafi	Rögnvaldur Ólafsson	FMR
Ráðgjafi	Aðalheiður Jónsdóttir	RKÍ
Ráðgjafi	Örvar Þorri Rafnsson	RKÍ
Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarson	SL
Ráðgjafi	Ólafur J. Jónsson	SL
Ráðgjafi	Gísli Vigfús Sigurðsson	SL


4.4 Þátttaka

Mjög góð þátttaka var á æfingunni sem sýnir styrk viðbragðskerfisins á svæðinu.

		Fjöldi fólks
Stjórnstöð	Samhæfingarstöðin	15
Stjórnstöð	Aðgerðastjórn	12
Flugvöllur	Björgunarfélag Ísafjarðar	10
Flugvöllur	Björgunarskipið Ísafirði	0
Flugvöllur	Björgunarsveitin Tindar	6
Flugvöllur	Björgunarsveitin Björg	4
Flugvöllur	Björgunarsveitin Sæbjörg	0
Flugvöllur	Björgunarsveitin Dýri	0
Flugvöllur	Björgunarsveitin Ernir	4
Flugvöllur	Björgunarsveitin Kofri	4
Flugvöllur	Svæðisstjórn svæði 7	3
Flugvöllur	Flugrekstrar og afgreiðsluaðilar	4
Flugvöllur	Isavia Flugturn	1
Flugvöllur	Isavia Flugvallarþjónusta	4
Flugvöllur	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	20
Flugvöllur	Landsþítalinn	4
Flugvöllur	Rauði krossinn á Íslandi	9
Flugvöllur	Landhelgisgæslan	0
Flugvöllur	Lögreglan á Vestfjörðum	9
Flugvöllur	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	12
Flugvöllur	Slökkvilið Bolungarvíkur	2
Flugvöllur	Slökkvilið Súðavíkur	2
Flugvöllur	Útstöðvar, Súandafjörður, Flateyri og Þingeyri	2
Flugvöllur	Sjúkraflutningar	6
Flugvöllur	Rannsóknanefnd samgönguslysa	0
	Slysavarnaeildir - aðstoð	8
	alls	126
Flugvöllur	Gestir	8
Flugvöllur	Leikarar	28
Flugv/stjórnst.	Ráðgjafar	18
	alls	54
	ALLS (án SST)	192
	Allir	207

4.5 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Dash8 frá flugfélaginu Fly No More hlekkist á við landingu á braut 08 á BIIS 30 farþegar um borð eldar loka.



4.6 Veður

Skýjað, fremur kalt, nokkuð stíf suðvestan, frekar haustlegt.

4.7 Vettvangur

Vettvangur var norðan við þröskuld brautar 08 og samanstóð af slökkviverkefnum þar sem notast var m.a. við bílflök. Reynt að fá viðbragðsaðila til að forgangsraða slökkvistarfi út frá því að skapa lífvænlegar aðstæður á slysstað. Klippiverkefni var úr bílflökum og björgun fastklemmdra en einnig voru slasaðir víðsvegar á slysstaðnum, vettvangurinn var frekar dreifður.





Frekari myndir frá æfingunni má finna á síðunni Flugslysaæfingar á Facebook.

5 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



Mynd. Rýniferli æfinga.

5.1 Vettvangsæfing – Rýnifundur

Að lokinni æfingu hittust allir í húsnæði björgunarveitarinnar og fengu sér súpu. Á meðan var farið yfir helstu rýnipunkta frá hverjum stjórnanda fyrir sig ásamt ráðgjöfum þeirra. Halldór almannavarnir tók saman helstu punkta sem þar komu fram.

Aðgerðastjóri

- Æfingin gekk vel.
- Fjöldi þolenda var misstök í upphafi voru 32 en lengi var talað um 35.
- Það eina sem hægt er að tala um er að aðstoðan verður mun betri í nýju húsnæði fljótlega.

Ráðgjafi Rögnvaldur

- Æfingin gekk vel og allir þekktu sín hlutverk.

Björgunarstjóri

- Gekk þokkalega, ágætis yfirsýn, var með aðstoðarmann sem fór og skoðaði stöðu reglulega.

Ráðgjafi Grétar

- Heilt yfir gott.
- Vantaði að þeir sem væru verkefnalausir að tilkynna sig.
- Vantaði stjórnun við verkefnin.
- Vantaði að setja upp plan og gekk þess vegna hægt.
- Vöntun á greiningu.
- Vantaði að reykkafarar færu allir í reykköfunarbúnaðinn sinn.
- Fagleg vinna, en vantaði aðeins með að tryggja vettvang.

Gæslustjóri

- Gekk vel í gæslu þökk sé Landsbjörgu, aðalvandræðin var talningin.

Ráðgjafi Friðjón

- Gæslustjóri þekkti hlutverk sitt og sinnti því vel. Smá ruglingur var í talningu en það var ekki gæslustjóra að kenna.

Flutningastjóri

- Gekk mjög vel
- Talsvert álag í talstöð.
- Oft bjargarlaus.

Ráðgjafi Óli Jón

- Hlutverkinu vel skilað, vantaði kannski oft bjargir en gekk samt.

Aðhlyningarstjóri

- Gekk ágætlega.
- Fannst fólk vera að reyna átta sig á hlutverkum.
- Vantaði fólk.
- Vildu hafa græna svæðið við innganginn.
- Upplýsingar um flugið gekk brösuglega.

Ráðgjafi Sigrún Guðný

- Gekk eðlilega fyrir sig, gekk vel að setja upp svæðið.
- Allir vel merktir í vestum.
- Nýting á björgum....væri í raun betri staða.
- Böruleysi. Kerran með börurnar þyrfti að vera við söfnunarsvæði sl. Eða á slysstað.
- Talning gekk vel.

Vettvangsstjóri

- Gekk mjög vel.
- Smá ruglingur með tölur.
- Góð samskipti við verkþáttastjóra.

Ráðgjafi Friðjón

- Gekk mjöl vel.
- Voru vel skipulagðir að skipta með sér verkum.
- Virk hlustun á báðum talhópum.

Aðgerðastjóri

- Þekktist á Presley börtum 😊.
- Vel mannað.
- Fólk að máta sig í nýjum stöðum.
- Fólk duglegt að hugsa í lausnum, ýmsar hugmyndir komu fram.
- Heilbrigðisgeirinn vann sína vinnu vel.

Ráðgjafi

- Flottur hópur.
- Nokkrir hnökrar aðstaðan orðin hrörleg, en ný aðstaða er framundan.

Samhæfingastöð (SST)

- Mikil ánægja.
- Gott mótspil.
- Vantar betri samskipti við heilbrigðisgeirann. Ástæða nýtt fólk.

RKÍ

- Starfsfólk RKÍ talsvert ríkari í dag en í gær.

Flugrekandi

- Samskipti gengu vel. Vantaði að fá staðfestingu með áhöfn um að hún hafi verið sett sér.

Leikarar

- Leikurum fannst mjög gaman skyldu ekki af hverju var ekki búið um öll sár.

Rannsóknarlögreglan

- Nefnir að viðbragðsaðilar passi upp á slysstað og spilli honum sem minnst .
- Sjúklingar gangi þó ávallt fyrir.

5.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu.

5.2.1 Ráðgjafi björgunarsveita

Guðbrandur Örn Arnarsson - Slysavarnafélagið Landsbjörg

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Gott fyrirkomulag á fræðslunni - mjög jákvætt að vera með upptökur af fyrirlestrum.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Frekar stuttur fyrirvari en bjargaðist.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Flottur vettvangur.

Góð samvinna aðila á vettvangi.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Smærri æfingar stjórnenda (AST/VST) milli æfinganna.

5.2.2 Ráðgjafi á vettvangi (K1)

Pórir Gunnarsson - Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Allt vel.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Það eina sem ég man eftir er að það virðist alltaf, á flestum æfingum, vera leit að einangrunarplasti fyrir leikara til að liggja á, eitthvað sem mætti taka með sér í byrjun.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Á mínum vettvangi (Klippur 1) gekk allt nokkuð vel það sem var unnið var faglega gert.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Vantar greinilega aðeins upp á stjórnun og kannski frumkvæði hjá slökkviliði, bæði Isavia megin og slökkviliði Ísafjarðar.

Gleymdist aðeins hjá aðilum að eigin öryggi og að tryggja vettvang áður en vinna hófst.

Ekki notað léttvatn í slökkvistarfi sem við hefðum viljað sjá.

Eitthvað annað sem þú vilt taka fram.

Frábær hópur sem stendur að þessu (að vanda :-)) og heimamenn boðnir og búnir til að aðstoða.

5.2.3 Ráðgjafi flutningsstjóra

Ólafur Jón Jónsson - Slysavarnafélagið Landsbjörg

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Ég veit að það var mikið framboð af fræðslu í aðdraganda æfingarinnar, en ég nýtti mér bara hluta þess. Mér fannst kynningin góð, dagskráin lá fyrir og þeir fyrirlestrar sem ég sat voru áhugaverðir og fræðandi.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Flutningsstjóri hefði mátt fá nákvæmari gögn um sinn verkþátt sem lýsa verkefnum hans betur. Ég prentaði punkta sem mér voru fengnir og lét hann hafa sem hjálpaði töluvert. Lýsingin í núverandi áætlun stíkkar á stóru punktunum, en tekur ekki á öllum litlu atriðunum sem fylgja með. Nokkrar mínútur með Flutningsstjóra dagana fyrir æfingu hefðu örugglega skilað sér í fumlusari og öruggari vinnubrögðum sem þó voru heilt yfir góð.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Flæðið var gott og fólk var vel stemmt. Flutningsstjóri, minn staður, var fljótur að taka til starfa þegar hann mætti. Hann gat afgreitt beiðnir um bjargir hratt og vel framan af. Dagný, björgunarmaðurinn sem var í hlutverkinu, efldist við hverja raun og skilaði stöðugt betra verki allan tímann. Þau tvö sem voru á MÓT náðu sífellt betur saman og mynduðu gott teymi sem vann vel og skilaði góðum árangri.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Sá verkþáttur sem ég fylgdist með, Flutningsstjórn, gekk prýðilega. Smávægileg atriði hefði mátt bæta, en heildin var góð. Fáar bjargir á MÓT í byrjun og sú staðreynd að engar bættust við gerði Flutningsstjóra ögn erfiðara fyrir að æfa það að taka á móti beiðnum og hrókera björgum, en það má líka færa rök fyrir því að það hafi verið góð reynsla í því að þurfa að leysa málin með úrræðasemi.

Eitthvað annað sem þú vilt taka fram.

Svona viðburði þarf að skrásetja með ljósmyndum. Þegar það er vel gert er mun einfaldara að fara yfir stöðuna seinna meir, rifja upp og bæta. Það verk ætti að vera höndum einhvers sem hefur engar aðrar skyldur á æfingunni.

5.2.4 Ráðgjafi VST / Gæslustjóra

Friðjón V Pálmason - Almannavarnir

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Fræðsla gekk vel en þarf að koma þessu í rafrænt form svo hægt sé að vera með fræðslu vel fyrir æfingu.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Hvað AVD varðar ekkert sérstakt en huga þarf að rafrænu námsefni.

Hvað gekk vel á æfingunni.

VST og Gæslustjóri gekk vel. Smástund að komast í rútinu en svo gekk þetta.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Veðrið og vantaði aðeins þátttakendur.

5.2.5 Ráðgjafi á vettvangi

Kristján Carlsson Gränz - Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Uppsetning á vettvangi gekk vel, ég var lítið kallaður til á fundi. Hefði tekið með mér talstöð og fylgst betur með borðæfingunni hefði ég vitað af því að ég ætti að vera með stöð.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Ekki marktækt með mig í raun, fékk boð um að mæta á æfinguna með ca. viku fyrirvara.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Heilt yfir gekk þetta mjög vel.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Persónuvarnir, einstaka sinnum þurfti að pikka í t.d. Slökkvilið að nýta reykköfunartæki. Við björgun úr flaki (Stéli) þá þurfti aðeins að benda aðilum á að taka stjórnun að sér og skipulagningu verkefna.

Eitthvað annað sem þú vilt taka fram.

Björgunarsveitarkona sem var að vinna við Stélið á sérstaklega mikið hrós skilið. Hún verður flottur stjórnandi í framtíðinni, hún reyndi að benda á í ákveðnu stjórnleysi hvað þyrfti að gera en vildi klárlega reyna að passa sig að segja ekki atvinnufólkinu til verka.

5.2.6 Ráðgjafi á vettvangi (E)

Hólmgeir Þorsteinsson - Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Undirbúningur hjá okkur í ARFF hópnum gekk vel.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Almennt: Isavia þarf að sinna betur fræðslu og þjálfun flugvallarstarfsmanna á áætlanaflygvöllum um allt land svo þau séu betur undirbúin til að takast á við verkefni tengd björgunar- og slökkvistarfi.

Einnig þarf starfsfólk Isavia að fá leyfi til að nota léttvatn í slökkvistarfi á æfingum sem þessum.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Bráðaflokkun á vettvangi gekk að mestu leyti vel og þegar þeir sem sinntu bráðaflokkun sáu að þeim hafi yfirsést eitthvað þá var brugðist strax við

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Of algengt var að björgunaraðilar gleymdu að huga að eigin öryggi t.d. setja á sig öndunarbúnað í slökkvistarfi, einnig var hafist handa við að klippa gat á flakið (bílinn) án þess að tryggja flakið.

Slökkvistarf á vesturenda gekk frekar hægt (hefði gengið betur með léttvatni). Gerð var tilraun með að tengja tankbíl beint á flugvallar slökkvibíl og fór mikill tími til spillis þar auk þess sem ekki tókst að dæla vatni milli bílanna.

Stjórnun á klippuvettvangi á vesturenda brautar vantaði og af þeim sökum gekk hægt að bjarga fórnarlömbum undan flaki og innan út flaki.

Eitthvað annað sem þú vilt taka fram.

Á æfingum sem þessum ætti alltaf að nota léttvatn í slökkvistarfi.

5.2.7 Ráðgjafi heilbrigðisþjónustu

Sigrún Guðný Pétursdóttir - Heilbrigðisþjónusta

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Mér finnst mjög gott að fjarfræðslan var tekin upp og aðgengileg fram að æfingunni.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Mitt hlutverk var að horfa á SSS, þar var vitað hver væri stjórnandi, þar var skipað í allar þær stöður sem nauðsynlegt er að skipa í. Aðhlyningarstjóri var með yfirsýn og stjórnandi læknir var ákveðin og fljótur að taka ákvarðanir. Flott að heilbrigðisstarfsfólk var í vestum með starfsheiti aftan á og almennt var búnaður þeirra vel skipulagður.

Flugvallastarfsmenn fóru fljótt í að setja upp SSS. Aðhlyningarstjóri kallað eftir þeim búnaði og manskap sem þörf var á, á svæðið. Kallað var eftir RKÍ fjöldahjálparstöðvarkerrunni og nýttir beddar úr henni sem án efa gerir vinnuáætlunina betri.

Allir sem komu á SSS voru með bráðaflokkunarspjald á sér, þannig að bráðaflokkun á slysstað var framkvæmd, tölur bærust samt frekar seint. Flæði á söfnunarsvæðinu var samkvæmt skipulagi.

Samskipti við AST og SST voru til staðar.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Stjórnun: á æfingu sem þessari og líklega í raunveruleikanum eru flestir í umsjónarstöðum að gera þann þátt í fyrsta sinn, því skipta skýr fyrirmæli um stöður og hvert nákvæmlega hlutverk hvers og eins er miklu máli s.s. hvað gerir umsjónaraðili yfir rauðu svæði, gulu svæði og grænu svæði og hvernig er best að háttá samvinnu milli stjórnenda. Þá er mest áskorandi verkefni fyrir lítið samfélag sem þetta er að þeir sem eru sérfræðingar á sínu sviði séu nýttir í verkefni þar sem þeirra sérþekking er fullnýtt æfingin vakti upp umræðu um hvernig þeirri áskorun er mætt.

Flugvallarstarfsmenn voru fljótir að fara að setja upp SSS en gæta þarf vel af smáatriðum sem eru e.t.v. stór atriði s.s. að merkingar fyrir svæði (rautt, gult, grænt) séu hengdar upp ekki lagaðar bara á borðin (þarf að vera úbúið að ákveða fyrir fram hvar á að vera. Þá væri gott ef til væri tafla(tússtafla) fyrir stjórnanda / jafnvel tafla fyrir öll svæðin.

Bjargir: áberandi fáir viðbragðsaðilar voru á SSS og í alvörunni hefði sú mönnun sem var þar varla gengið upp t.d. var alger skortur á manskap til að færa sjúklinga frá greiningarborðum á svæðin. Margir sjúklingar voru fluttir með sjúkrabílum frá slysstað á SSS þ.a.l. á sjúkrabílabörum sem þeir voru teknir af þegar þeir koma á greiningarborðin, það olli töf á að flytja sjúklinga af greiningarborðinu á svæðin (rauða, gula, græna) vegna skorts á börum. Hafa þarf í huga að það fer kerra á slysstað með börur; e.t.v. er betra að setja alla þar á börur (sem þurfa börur) eða þá að taka úr kerrunni nokkrar börur áður en hún fer út á völl til að hafa inni SSS. Greingarsveitin mætti hugleiða hvort hægt sé að hafa þann búnað sem þarf á hverju greiningarborði tiltækan s.s. hanska, skæri blóðþrýstingsmæla, umbúðir til að stöðva blæðingu.

Það var sett upp plan með hvert sjúklingarnir áttu að fara, þegar það var ljóst hefðu e.t.v. stjórnendur, AST, mátt upplýsa um planið þannig að allir vissu það, ekki bara þeir sem hlustuðu á samskipti á 4-5. (ég er ekki að meina fyrir hvern og einn sjúkling heldur að hjálp bærisk ekki fyrr en eftir 2-3 klst og þangað til ætti að flytja megin þorra sjúklinga á sjúkrahúsið. Sömu leiðir stjórnendur í SSS mátt láta alla þar vita hvernig staðan væri og hvað planið væri.

5.2.8 Ráðgjafi á vettvangi (K2)

Tómas Már Pétursson - Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Setningarfundurinn fannst mér fara vel yfir allar hliðar æfingarinnar ásamt því að borðæfingin var mjög góð.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Fyrsta æfingin sem ég tek svona þátt í þannig að það er erfitt að meta það.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Á vettvangnum sem ég sá um voru vinnubrögð slökkviliðs mjög góð. Fljótir að slökkva elda og þá sérstaklega klippivinnan á cockpit vélarinnar sem var virkilega fagmannleg.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Of mikið af slökkviliðsmönnum stóðu og horfðu bara á þegar þeir komu á vettvang á meðan félagar þeirra voru að slökkva fyrstu eldana. Mikið af farþegum vélarinnar lágu rétt hjá þeim og hefðu þeir getað byrjað á bráðflokun en nokkuð langur tími leið þangað til einhver sinnti þessum sjúklingum. Erfitt var að sjá hver sá um að stjórna þessum vettvangi og hefði mátt nýta mannskapinn miklu betur.

5.2.9 Ráðgjafi björgunarstjóra

Grétar Karlsson - Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Margt í boði fyrir alla viðbragðsaðila.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Fyrirlesturinn hjá Magnúsi fyrir slökkvilið hefði mátt vera lengri og aðeins ýtarlegri.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Björgunarstjórar voru vel staðsettir í byrjun með góða yfirsýn yfir vettvanginn. Aðstoðarmaður björgunarstjóra fór um allan vettvanginn í upphafi og mat stöðuna. Tilkynnt í fjarskiptum þegar vettvangur var orðin öruggur og svo þegar eldar voru slökktir. Björgunastjórar deilu með sér verkefnum t.d. fjarskiptum og gekk það vel. Eins skipulögðu þeir leit af svarta kassanum þegar björgun af þolendum var lokið og gekk það vel. Vettvangur ekki yfirgefin fyrir en lögregla tók við honum.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Vantaði merkingu á björgunarstjóra (t.d. vesti), björgunarstjórar voru of lengi á sama stað og færðu sig ekki þó umfang vettvangs minnkaði fyrir en þeim var bent á það og vissu þess vegna ekki mikið um stöðuna á öllum stöðum í töluverðan tíma. Vantaði að nýta allan mannskapinn í bráð verkefni, of margir stóðu t.d. hjá Isavia slökkvibíl og tankbíl löngu eftir að allir eldar voru slökktir. Eins hefði mátt setja einhvern sem bílstjóra á sjúkrabíl þegar vantaði flutning á þolendum og áhöfnin af honum var upptekin í bráðaflokun. Þegar svarti kassinn fannst var það ekki tilkynnt til lögreglu eða spurt hvort mætti færa hann úr stað.

Eitthvað annað sem þú vilt taka fram.

Heilt yfir vel gert og fin stjórnun.

5.2.10 Ráðgjafar RKÍ

Aðalheiður Jónsdóttir - Rauði krossinn

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Það gekk vel að skipuleggja fundi og fræðslu

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Það var aðeins of langt frá fræðslunni okkar um sálrænan stuðning þar til æfing var og einhverjir misstu af og héldu að fræðslan væri í sömu viku en gátu auðvitað horft á upptökuna. Eins er spurning hvort þeir sem eru á SSS þurfi frekari fræðslu.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Sjálfbóðaliðar sem tóku þátt voru komin og tilbúin í verkefnið. Eins var vel mannað í AST, þau fengu hlutverk sem þau hafa ekki tekið þátt í áður og var mjög fræðandi.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Ég velti fyrir mér varðandi hlutverk sjálfbóðaliða á SSS en RK hefur yfirleitt verið að aðstoða á græna svæðinu en líklega hefur verið fámennt á SSS og þau fengið verkefni á rauða svæðinu. Þau voru smá óörugg með að aðstoða við öndun en allt gekk vel. Eins og kemur fram að ofan þá er spurning hvort það sé ekki tilefni til að þau sem eru á SSS taki þátt í fræðslu um bráðaflokkun.

Eitthvað annað sem þú vilt taka fram.

Eins og oft þá mættu ekki allir sem skráðu sig en þetta bjargaðist allt. Takk fyrir utanumhaldið og góða æfingu.

Örvar Þ. Rafnsson - Rauði krossinn

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Gekk ágætlega.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Fundir og fræðsla gengu mjög vel.

Hvað gekk vel á æfingunni.

Frá mínu sjónarhorni tókst þessi æfing vel. Enginn vandræðagangur og óvissa eins og stundum hefur verið. Æfingastjórnin var greinilega með allt á hreinu ;o)

Skipulag og utanumhald.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Söfnunarsvæði slasaðra var dálítið kaótískt, gæti verið vegna þess hve margir nýir komu að því.

Eitthvað annað sem þú villt taka fram.

Nei, æfingin gekk mjög vel.

5.2.11 Umsjónaraðili leikara

Soffía Helga Valsdóttir - Isavia

Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar.

Allur undirbúningur gekk mjög vel. Samskipti við flesta gengu vel og þurfti ekki mikið til að leiðrétta misskilning sem upp kom. Allir voru með á hreinu hver þeirra verkefni væru fyrir æfinguna.

Samskipti við húsvörð grunnskólans, Ralf, voru til fyrirmyndar og hann mjög duglegur að hjálpa til við að ferja dótið inn og út. Tilbúinn til að redda öllu og hafði sjálfur mjög gaman að þessu.

Leikaraskráning gekk mjög vel. Mikill munur að búið var að skrá allar upplýsingar í tölvuna kvöldið áður og því fór ekki ýkja mikill tími í skráningu leikara eins og svo oft áður. Gafst mjög vel að hafa alla á skrá og eyða svo þeim út sem ekki mættu.

Uppsetning á sminkstöð gekk mjög vel og ekki tók langan tíma að ganga frá. Var það gert strax að lokinni æfingu og var búið áður en rýnifundurinn hófst.

Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.

Eitthvað stóð á svörum frá litla leikfélaginu og því varð ekki ljóst fyrr en daginn fyrir æfingu að enginn kæmi frá þeim að sminka og leika. Á tímabili leit því út fyrir að vöntun væri á sminkurum. Það reddaðist þar sem Sigrún og Sigrún Guðný komu og hjálpaðu til.

Þrátt fyrir að margoft væri búið að ræða við Slysavarnadeildina sem sá um matinn, og ég taldi að búið væri að leiðrétta þann misskilning sem hafði verið um morgunmatinn þá var hann ekki nægur fyrir sjúklingana. Við báðum um brauð, álegg, djús, ávexti og jógúrt/skyr og kex. Tókum skýrt fram að við værum að hvetja þau að borða allan tímann og mikilvægt væri að þau væru mett þegar æfingin byrjaði. Þrátt fyrir það var í boði eins skyr/jógúrt dolla á mann, gifflarsnúðar og gos. Þetta var að sjálfsögðu allt búið löngu áður en við fórum út á æfingarsvæðið og krakkarnir töluðu um að þau væru svöng. Flestir fengu því neyðarsúkkulaði í SSS.

Fyrir fram var búið að velja hlutverk sem pössuðu inn í æfinguna og staðsetningu. Eitthvað var um að hlutverkum væri breytt án þess að athuga hvort það passaði við staðsetningu. Í lokin fengu þeir síðustu að velja sér græn hlutverk og kom í ljós við frágang að einhverjir hefðu breytt hlutverkum sínum að einhverjir höfðu þá skipt út hlutverkum sem áttu að vera í æfingunni og breyttu sér sjálfir. Það væri því gott að passa næst að leikararnir merki sér hlutverkablöðin strax og merkja þau hlutverk sem eru sér valin í æfinguna sérstaklega vel. Æfingin varð þó ekki verri þrátt fyrir þetta.



Hvað gekk vel á æfingunni.

Allt sem tengdist umsjón sjúklinga gekk mjög vel. Rútan mætti tímanlega. Allir mjög almennilegir og aldrei neitt vesen. Yfirleitt var vel hugað að velferð leikaranna og þeir oft spurðir hvernig þeir hefðu það í alvörunni og hvort ekki væri í lagi í alvörunni.

Leikararnir voru mjög ánægðir með móttökurnar í skólanum að æfingu lokinni. Allir glaðir að fá pizzu, gos og súkkulaði að ógleymdri flottu húfunni sem allir þáðu. Búið var að redda því að allir gætu farið gjaldfrjálst í sund en ég hef ekki vitneskju um það hvort eða hversu margir nýttu sér það.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni.

Það eina sem ég get sett út á er atvik sem ég lenti í gagnvart gæslustjóranum. Ég var á leið með sjúkling sem búið var að skrá út úr æfingunni í gegnum SSS þegar hún stöðvar mig og bannar mér að halda áfram. Heldur því fram að engir sjúklingar megi fara þarna í gegn og allir eigi að fara út um útgang þar sem talning sé í gangi. Í stuttu máli sagt þá hlustaði hún ekki á neitt sem ég sagði og var nánast öskrandi á mig. Tók ekki tillit til þess að ég væri umsjónarmaður sjúklinga og verið væri að taka við komandi úr æfingunni af öryggisástæðum. Hún hefði ekkert um það að segja hvert ég færi og hvað ég gerði með hvern sjúkling né það að búið væri að telja sjúklinginn út úr æfingunni og því skipti engu máli hvar hann færi út úr flugstöðinni. Á endanum gaf ég eftir þar sem leikarinn var orðinn frekar skelkaður.

Eitthvað annað sem þú vilt taka fram.

Frá mínu sjónarhorni tókst þessi æfing vel. Enginn vandræðagangur og óvissa eins og stundum hefur verið. Æfingastjórnin var greinilega með allt á hreinu ;o)



5.3 Rafræn rýni – allir þátttakendur


Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem ekkert, hef ekki skoðun o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

5.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

● Neyðarlínan 112	1
● Lögregla	3
● Isavia Flugvallarþjónusta	0
● Slökkvilið	1
● Sjúkraflutningar	0
● Heilbrigðisþjónusta	4
● Svæðisstjórn björgunarsveita	2
● Björgunarsveit	3
● Rauði krossinn	3
● Landhelgisgæslan	0
● Rannsóknarnefnd samgönguslysa	0
● Flugrekstrar- og / eða þjónustua...	3
● Other	0



5.3.2 Það sem vel var gert í undirbúningi æfingar

- Þeir fundir sem ég fór á voru fræðandi.
- Öll kynning fór vel fram og var mjög skýr
- Er mjög sáttur við allt saman, sérstaklega VST og AST fræðslan
- Bæði fundir og fræðsla alveg til fyrirmyndar og það má alveg hrósa ráðgjöfunum, þau voru algjörir snillingar.
- Undirbúningur var mjög góður. Fræðslan ítarleg og mun nýtast í framhaldinu.
- Mjög gott skipulag alla vikuna
- Mjög sáttur við fræðslu um Þyrlu og Sálræna skyndihjálp.
- Það var frábært að þetta allt væri í boði fyrir æfinguna.
- Mjög sáttur við það sem boðið var uppá.
- Sat bæði vettvangsstjóra og verkþáttastjóra námskeiðið og eins námskeiðið fyrir aðgerðastjórnina. Þessi námskeið voru mjög góð og mikilvæg. Í raun gott að sitja svona námskeið reglulega til upprifunar. Mjög gott að tala sig í gegnum ýmsar aðstæður, eins og námskeiðshaldarinn gerði, Rögnvaldur Ólafsson. Það fékk okkur öll á sömu blaðsíðuna og gott fyrir skrifborðsæfinguna og eiginlegu æfinguna líka. Vel gert. Fínn fundur þegar æfingin var sett á fimmtudaginn og eins rýnifundurinn að æfingunni lokinni,
- Skrifborðsæfing á föstudegi var mjög upplýsandi
- Var áhorfandi og tók lítinn þátt í undirbúningi

5.3.3 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingar

- Skýra betur hvaða aðilar innan RKÍ eiga hlut í æfingunni
- Að byrja fyrr um daginn
- Ég skráði mig seint þannig að ég missti af fyrsta deginum en mér fannst ekkert mikið í boði fyrir mig sem viðbragðsaðila frá Rauða krossinum, að ég ætti ekki heima inn í þessu öllu.
- Þessar tvær fræðslur sem ég fór á hjá Sigrúnu og Brandi á föstudeginum voru fínar en ég gat ekki nýtt mér það sem ég lærði þar.
- Ég sé ekkert sem betur hefði mátt gera í undirbúningi eða hvað varðar fundina og fræðsluna. Setningarfundinum var streymt til þeirra sem ekki komust og mér fannst það mjög gott og til fyrirmyndar.
- Ég kom fyrst í hópinn á föstudegi sem varamaður. Því var ég ekki eins upplýst um mitt hlutverk, en það skýrðist.



5.3.4 Það sem vel gekk í framkvæmd og úrlausn æfingar

- Samskipti maður á mann gengu vel.
- Samskipti voru ágæt og gekk vel að sinna því sem sinna þurfti
- Fannst þetta bara allt ganga nokkuð vel
- Dusta rykið af verkferlum, kynna starfsemi SST fyrir nýjum aðilum.
- Ég gat mátað mig í mitt hlutverk og fékk þjálfun í að sinna því.
- Samskiptin gengu bara prýðilega og það var mjög gagnlegt að æfa þann hluta verkefnisins sem snéri að okkur. Rýnifundurinn í lokin var góður.
- Vel skipulagt og viðbragðaðilar samstilltir.
- Gekk vel að koma upp borðum í SSS. Reyndar þung og smá verk að koma þeim úr húsnæði Isavia yfir í flugstöðina. Væri betra að hafa öll borðin í flugstöðinni, ef það er hægt. Gekk vel að læsa hurðum og rýma til í flugstöð. Einnig gekk ágætlega að sjá um stóra hliðið inn á svæðið, þar sem bílar björgunaraðila komu að vettvangi. Rýming flugstöðvarinnar væri þó alltaf mjög flókið verkefni og ekki möguleiki að vinna það án aðkomu lögreglu að mínu mati.
- Mér finnst að við frá Rauða krossinum sem vorum inn á velli hafa staðið okkur rosalega vel á þessari æfingu.
- Hvað mig sjálfan varðar þá er þetta í fyrsta sinn, hvort heldur á æfingu eða í raunverkefni, sem ég sem aðgerðastjóri ákvað að opna ekki tölvuna mína, eða vera með stól eða borð til að sitja á. Sömuleiðis í fyrsta sinn sem ég ákvað að nota hvorki talstöð eða önnur fjarskiptatæki. Þess í stað fá Ingvar Jakobsson, aðalvarðstjóra og félagi minn í AST, til að sjá um talstöðvarfjarskipti við VST og SST. Með þessu móti hafði ég mun betri yfirsýn yfir þau verkefni sem við vorum að vinna með í AST. Við skiptum Áætlunum, Björgum og Framkvæmdum upp í hópa, hver hópur við sitt borð. Ég gekk á milli og fannst ég hafa góða yfirsýn. Við tókum nokkra stöðufundi, sem var mjög nauðsynlegt.
- Umræður og vangaveltur innan hópsins gerði að við náðum að átta okkur á því hvað væri nauðsynlegt að einblína á, en við höfðum farið þínu á flug í upphafi og ætlað að virkja of mikið af aðstoð.



5.3.5 Það sem betur mátti fara í framkvæmd og úrlausn æfingar

- Meiri mannskapur (björgunarsveitamenn)
- Mæting frá björgunarsveitum hefði mátt vera mun betri, eins og hún myndi væntanlega vera ef um raunveruleika væri að ræða
- Ég man ekki eftir neinu í augnablikinu
- Verkaskipting innan hóps. - greina betur frá til ætluðu hlutverki
- Hefði verið betra að hafa fleiri úr bsv.
- Aðgangur að gögnum, tölvukerfum og símkerfum.
- Sumar boðleiðir innan AST voru óljósar fyrir mér í byrjun, lagaðist nokkuð þegar leið á.
- Það þarf auðvitað að æfa þátt aðstandanda. Við þurfum að stefna að því. Auk þess þarf að skýra betur hvernig eigi að meðhöndla áhöfn. Við höfum mikinn áhuga á því að koma þeim málum á betri stað, helst áður en áætlunin verður gefin út aftur.
- Það er margt frá mínu sjónarhorni sem hefði mátt fara betur sem litli viðbragðsaðilinn með mjög takmarkaða reynslu.
- Ég veit ekki hvar ég á að leita mér að upplýsingum um hvernig skipulagið á að vera inn á SSS.
- Að fólk sé með merkt hlutverki (vestin) OG með nafnspjald (þess vegna Hi my name is) þannig að þú vitir hverja þú ert að eiga í samskiptum við á vettvangi og þá sérstaklega á þínu svæði, að það sé til plan sem er sýnilegt hvar opnir útgangar séu af því ég kann ekki að meta að það sé öskrað á mig af lögreglunni af því að annað fólk er ekki með skipulagið á hreinu og gerði villu. Hún baðst síðan afsökunar en þetta var alls ekki faglegt og var hreinlega dónaleg, ekki við mig, sem hjálpaði ekki í þessari stöðu.
- Það þarf að endurhugsa græna svæðið, hvernig starfið ætti að vera, hvernig það er uppsett og hvernig nýtingin ætti að vera miðað við sjúklingana sem eiga að koma þar inn. Sjúklingarnir

sem komu fyrstir inn á svæðið sátu og voru eiginlega fyrir þegar fleiri fóru að bætast við og þá sérstaklega á börum. Það þyrfti að vera undir aðhlyningarstjóra á græna svæði sem vissi hvað hann væri að gera og gæti gefið aðhlyningarstjóra góðar upplýsingar um ástandið á svæðinu því að það var ekki auðvelt að koma upplýsingum á hana eða fá upplýsingar og leyfi af því hún var alltaf upptekin við annað og/eða fólk að tala yfir mann.

- Það hefði líka hjálpað hefðu þessar tvær sem voru inn á græna svæði þegar ég kem verið aðeins búnar að hugsa og ekki bara staðið og horft á hina vinna sem varð til þess að Rauði krossinn var með yfirumsjón á því svæði.
- Ef að það á að einangra flugvélastarfsfólkið frá á græna svæði þarf að finna betri stað en á þessari æfingu. Hefði honum dottið það í hug þá hefði hann getað hlaupið út, það hjálpaði ekki þegar sjúklingar voru sóttir í gegnum hurð sem mátti víst ekki nota vegna þess að engin veit hvernig skipulagið er.
- Stundum erfitt að greina hvað sagt var í talstöðvunum, sennilega hafði rokið þar mest áhrif
- Sumir í AST voru óvanir, í raun meirihlutinn. Nokkrir einstaklingar höfðu aldrei tekið þátt í svona æfingu í þessu hlutverki áður. Veit að eftir þessa æfingu munu þeir einstaklingar vera betur meðvitaðir um hlutverk sitt og allt ganga mun betur. Ég hefði átt að vera ákveðnari þegar ég mælti fyrir um stöðu fundina. Að tilkynna til SST, VST og annarra sem við vorum í samskiptum við, að við tækjum okkur hlé til funda. Það truflaði aðeins og lengdi í fundunum. Man það næst. Tel að æfingin hafi gengið vel í AST og mun betur á næstu æfingu m.t.t. þeirra sem voru þarna á sinni fyrstu æfingu. Tveir í hópnum höfðu heldur ekki haft tækifæri á því að sitja undirbúningsnámskeiðið.
- Við vorum öll þínu óörugg í upphafi um hlutverk okkar, en tel að það sé eitthvað sem komi með reynslunni. Eins held ég að ef um alvöru væri að ræða þá hefði adrenalín og fókus orðið meiri.
- Vantaði starfsfólk sem ég held að séu ekki raunaðstæður ef eitthvað af þessari stærðargráðu gerist.



5.3.6 Annað sem var tekið fram

- Ég segi bara takk fyrir mig, einhverjar bestu æfingar sem maður tekur þátt í
- Góð æfing - mætti fara huga að viðbragði vegna skemmtiferðaskipa og mögulegra óhappa” þeim tengdum á svæðinu.
- Slökkviliðið úr Bol. var án talstöðva og voru mjög týnd á æfingunni. Fóru lítið eftir fyrirmælum, tilkynntu sig ekki inn, mættu ekki á æfingar og voru því mjög illa undirbúin. Tveir einst. úr bsv. neituðu að taka verkefni sem þeim var falið því það var ekki nógu sexy fyrir þá.
- Þakka fyrir góða skipulagningu og að fá tækifæri til að taka þátt og þjálfast.
- Fannst skrítið að áhöfn SST sé ekki boðuð í hættustig.
- En mjög áhugavert og skemmtilegt að fylgjast með
- Það er náttúrulega ekki fyrir Isavia, en æfing—a.m.k. skrifborðsæfing—fyrir rútuslys á Kleifaheiði, Dynjandisheiði eða Vestfjarðagöngum hlýtur að vera ofarlega á lista viðbragðsaðila hér fyrir vestan.
- Hafa æfingu oft
- Algjörlega sannfærður um að þessar æfingar eru nauðsynlegar og þakklátur fyrir þær.
- Sá sem lék aðstoðarflugmanninn stóð sig virkilega virkilega vel og varð til þess að maður var á tánum að fylgjast með honum og sinna.
- Mjög sáttur og þakklátur.
- Áhugaverð upplifun og gagnlegt að sjá hvað fer í gang við svona atburð.

5.3.7 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn æfingar 9,5 af 10.

6 Helstu lærdómsatriði og umbótataækifæri

Heildarmynd æfingar og samræming gekk vel, ávallt er hægt að vinna betur að einstökum atriðum og er ekki síður mikilvægt að styrkja það sem vel er gert heldur en að bæta úr því sem betur má fara.

6.1 Styrkur

- Björgunarstjóri vel staðsettur með góða yfirsýn.
- Gott skipulag í AST.
- Björgunarsveitaraðili steig upp og hóf að stjórna í aðstæðum þar sem lítil stjórn var, gott frumkvæði.
- Fræðsluerindi voru aðgengileg rafræn.
- SSS sett upp fljótt og vel.
- Heilsugæsluaðilar og RKÍ voru vel merkt.
- Beddar RKÍ nýtast afar vel á SSS.
- Fræðsla mjög góð og aðstoð ráðgjafa.

6.2 Helstu umbótataækifæri

Umbótataækifæri	Eigandi
Hengja upp merkingar fyrir SSS – litamerkin (ekki bara á borð)	Aðilar á SSS
Útbúa verkferil gagnvart áhöfn	Almannavarnir
Flugvallarþjónusta noti léttvatn í slökkvistarfi á þessum æfingum	Isavia
Bóluplast fyrir leikara þarf að vera keypt í aðdraganda æfingar	Isavia
Hafa ljósmyndara á vettvangi til að skrásetja æfinguna	Isavia
Isavia sinni betur fræðslu og þjálfun flugvallarstarfsmanna um allt land til að takast á við verkefni til að sinna björgunar- og slökkvistarfi	Isavia
Magic chart og túss mætti vera til á hverjum flugvelli f. SSS	Isavia
Hafa greiningarborðin í sama húsnæði og SSS (geymsla)	Isavia
Stjórnun og frumkvæði má efla hjá slökkviliði og flugvallarþjónustu	Isavia og slökkvilið
Verkþáttastjórar séu í auðkennisvestum	Lögreglan á Vestfjörðum
Huga að viðbragðsáætlunum vegna skemmtiferðaskipa	Lögreglan á Vestfjörðum
Skrifborðsæfingar vegna hópshylna (t.d. á heiðum í nágrenninu)	Lögreglan á Vestfjörðum
Spurning með frekari fræðslu fyrir RKÍ aðila á SSS	Rauði kross Íslands
Æfa þyrfti þátt aðstandenda	Rauði kross Íslands
Flutningsstjóri sé betur settur í sitt hlutverk – Gátlisti og samtal	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Fleiri aðilar úr björgunarsveitum taki þátt	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Slökkvilið hugi að eigin öryggi, nýti öndunarbúnað í slökkvistarfi	Slökkvilið
Björgunarstjóri þarf auðkennisvesti	Slökkvilið
Þegar bjargir ljúka störfum á ákveðnum stöðum að senda þær að nýju til flutningsstjóra.	Verkþáttastjórar
Gera aðgengilegri rafræna fræðslu fyrir æfingar	Æfingastjórn